Ed. **410. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá Karli Einarssyni.

1. Við 8. gr. 18.

Liðurinn orðist svo:

Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... kr. 45000,00

2. Við 11. gr.

Á eftir 2. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:

að lána bæjarsjóði Vestmannaeyja 80 þús. krónur, til þess að greiða rekstrarkostnað björgunar- og eftirlitsskipsins »Þórs« árið 1920. Lánið er veitt til 7 ára, gegn 6% vöxtum, og endurgreiðist á þeim tíma með jöfnum afborgunum árlega.